

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Ársyfirlit 2023

Starfsmenn: Bókavörður í 50% starfi er Sigríður Jónsdóttir og afleysingum hefur sinnt Steinunn H.Halldórsdóttir

Starfsemi: 2023 var afar hefðbundið starfsár. Grisjun og tiltekt orðið hefðbundið stef, sem og þær örsýningar sem upp hafa verið settar á árinu. Má þar nefna dósir og bauka merкта Royal, litla mjólkurbrúsa og fötur, emeluruð áhöld hverskonar, muni frá Byggðasafninu úr fórum fólks sem áður bjó hér, og svo síðast en ekki síst, jólasýning með munum frá fóki sem hér býr en á uppruna sinn í öðrum löndum. Voru þetta munir frá Þýskalandi, Danmörku, Póllandi og Tékklandi.

Í apríl fór bókavörður á aðalfund SFA (Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna) á Blönduósi. Var um að ræða tveggja daga dagskrá sem heppnaðist afar vel og var um margt rætt og frætt. Það er sérlega hollt fyrir einyrkja í starfi að hitta kollega og heyra hvað er þeim ofarlega í huga er varðar starfsemi safna þeirra. Mörgum var þeim tíðrætt um ótta sinn við samdrátt og skerðingar í húsnæðismálum og fjárheimildum sökum erfiðra aðstæðna í sveitarfélögum landsins. Þótti bókaverði Dalabyggðar gott að geta lagt þar til málanna að ekki væri um slíkan samdrátt að ræða í Dalabyggð og væri að flestu leyti vel búið að safninu og heldur aukið í fjármagn til innkaupa en hitt. Margt er þó líkt en einnig margt ólíkt í starfsemi lítilla og meðalstórra bókasafna, og jafngott að fá samanburð af hvorutveggja. Í þessum félagsskap gildir sú góða hugsjón að engin hugmynd er góð fyrr en það er búið að deila henni.

Aftur var farið af stað með sumarlestrarbingó og gekk það mjög vel. Afar ánægjulegt hvað þau sem tóku þátt sinntu þessu af miklum áhuga og kostgæfni. Jafnvel svo að einn þátttakandi kláraði tvö bingóblöð yfir sumarið. Reynt var að hafa veglegan glaðning fyrir þá sem kláruðu sín markmið og var haldinn lítill viðburður á bókasafninu í því tilefni, þar sem Bjarki sveitarstjóri afhenti glaðninginn.

Aðsókn á safnið var á svipuðum nótum og fyrri ár, munar þar talsvert um heimsóknir nemenda Auðarskóla, en bæði miðdeild og leikskólinn eru dugleg að heimsækja safnið.

Í desember var hefðbundinn lestur úr nýjum bókum á öllum stigum Auðarskóla og er það alltaf ánægjulegt verkefni sem bókaverði þykir mjög vænt um að fá pláss fyrir í þéttri dagskrá skólans.

Útlán og innkaup: Innkaupaheimild safnsins var hækkuð myndarlega og hafði það til umráða 1.500.000 . Kom það sér mjög vel, og gerði bókaverði kleyft að kaupa inn allar þær bækur sem henni þótti vert fyrir safnið að eiga, sem og einnig að geta keypt inn eftir ábendingum notenda safnsins, sem er ákaflega ánægjulegt.

Alma: Ekki er úr vegi að minnast eilítið á bókasafnskerfið Ölmú, sem innleitt var 2022. Nú er komin þokkaleg reynsla á það kerfi, og reynist það að mestu leyti mjög vel. Einhverjir hnökror hafa komið upp, en flestir smávægilegir. Eitthvað hefur verið um breytingar og uppfærslur sem hafa ýmist verið til þægindaauka, eða svo sem ekki. En með því að prófa sig áfram og sitja örnámskeið hefur bókavörður náð ágætis tókum á Ölmú blessaðri.

Framundan: Er vonandi gott útlánaár. Áframhald samstarfs við Byggðasafn Dalasýslu um örsýningarhald. Viðhaldsframkvæmdir á húsnæði safnsins. Samstarf við leik – og grunnskóla.

Tölfræði: Meðaltalsútlán ársins 2023 voru 120 eintök á mánuði. Mestu útlán voru í júní (203) og nóvember (196). Það að nóvember sé hærra útlánamánður en desember helgast líklega af því að útgáfa bóka er nú orðin mest í nóvember og því mest úrval af nýjum bókum til útláns þann mánuðinn.

Topplisti útlána 2023:

1. Upplausn/Sara Blædel og Mads Peder Nordbo – 7 útlán
2. Morðið í Öskjuhlíð/Stella Blómkvist – 6 útlán
3. – 4. Reykjavík:glæpasaga/Katrín Jakobsdóttir og Ragnar Jónasson
Undir yfirborðinu/Freda McFadden – 5 útlán hvor titill

Í fimmta sæti eru svo jafnir 12 titlar með 4 útlán hver.

